

Atlantsolía ehf
Lónsbraut 2
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 17. nóvember
2022UST202202-343/G.S.O.
08.09.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 26. ágúst 2022 þar sem fram kom að eitt frávik hefði verið skráð í eftirliti í olíubirgðastöð Atlantsolíu í Hafnarfirði. Þann 16. nóvember 2022 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 3.11 í starfsleyfi.** Bæta þarf úr frágangi á geymslusvæði utan lekavarnarþróar. Koma þarf biluðum og ónýtum plastgámum og tómum olíutunnum til endunýtingar eða viðurkenndrar förgunar. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður förgun á tómun 200 lítra olíutunnum, ásamt öðru minniháttar járnrusli, framkvæmd í viku 47 og 48, förgun á tómun stáltönkum verður unnin í viku 49 og 50. Yfirferð á plasttönkum verður lokið 1. maí 2023.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti. Þá óskar stofnunin eftir því að fá sendar myndir þegar frágangi hvers verkhluta fyrir sig er lokið.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur